

28. febrúar 2019

Mættar: Sigurbjörg, Ásta Júlía, Hugrún, Sandra, Margrét og Eydís.

Ritari: Eydís

Fundur byrjar 16:15

1. Hugrún sýndi teikningu að viðbyggingu við leikskólann.
 - a. Skóflustunga verður 1. mars. 2019
 - b. Verklök áætluð 5. ágúst 2019
 - c. Í skoðun er að lengja sumarlokun leikskólans um 1 til 2 daga vegna framkvæmdanna.
2. Öskudagur
 - a. Tveir elstu árgangarnir fara í B.Jensen og mögulega Húsasmiðjuna.
 - b. Annars verður hefðbundið snið á leikskólanum þar sem krakkarnir fá popp og rúsínur.
3. Skólastefna
 - a. Árlegt mat, hvernig leikskólinn stendur.
 - b. Má finna á heimasíðu leikskólans. Hugrún biður foreldrafélagið um að líta á hana og yfirfara.
 - c. Tekið upp á þriggja ára fresti.
4. Vantar slár á Tripp Trapp stóla
 - a. Vantar 6 stykki og biður Hugrún foreldrafélagið um að hafa augun opin fyrir þeim.
5. Leikrit og Vorhátíð
 - a. Vorhátíðin er dagsett 24. maí en upp kom hugmynd um að fresta henni frá til ágúst mánaðar. Hafa þá opnun nýja hluta leikskólans og sumarhátíð á sama degi.
 - b. Margrét ætlar að athuga með Leikhópinum Lottu hvort þau séu að sýna á Norðurlandi á þessum tíma.
 - c. Leikskólinn vill gjarnan hafa hoppukastala áfram og kannski athuga með leikrit.
6. Sveitaferð
 - a. Hún verður farin um miðjan maí mánuð.
 - b. Erum búin að fá heimboð á Möðruvelli 1 til Margrétar.
7. Ferð í Kjarnaskóg og fjöruferð
 - a. Áætlaðar með vorinu/sumarinu.
 - b. Hugmynd kom um að fara kannski þegar mesta raskið yrði á leikskólalóðinni vegna framkvæmdanna.

Fundi slitið 17:10